

Alþingi
Erindi nr. P 130/1162
komudagur 26.2.2004



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Alþingi
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
kennitala: 550269 - 1639
sími: 545 8200, bréfsími: 562 1702,
netfang: postur@sam.stjr.is,
veffang: <http://www.samgonguraduneyti.is>

Tilvísun:
SAM04020034/001
25. febrúar 2004
RG/--

Samgönguráðuneytið vísar til bréfs Alþingis frá 9. febrúar 2004 þar sem óskað var umsagnar ráðuneytisins um 421 þingmál, þingsályktunartillögu um jarðgöng undir Vaðlaheiði.

Reiknað er með að framkvæmdum við þau jarðgöng sem unnið er að í dag, á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, verði lokið 2005. Í samgönguáætlun 2003 - 2014 er gert ráð fyrir að jafnframt verði ráðist í að gera jarðgöng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Það er mat ráðuneytisins að því verki ljúki árið 2009.

Endurskoðuð samgönguáætlun, og þar með jarðgangaáætlun, tekur gildi 2007. Endurskoðunin sjálf mun væntanlega verða á árinu 2006. Ekki hefur verið tekin frekari afstaða til röðunar jarðganga en getið er um í jarðgangaáætlun en líklegast er að jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar verði næst. Að mati ráðuneytisins er eðlilegt að jarðgöngin undir Vaðlaheiði verði einn af þeim kostum sem tekin verður afstaða til við endurskoðunina.

Samgönguráðuneytið hefur leitað umsagnar Vegagerðarinnar um málið og fylgir hún hér með.

F. h. r.

Jóhann Guðmundsson

Rúnar Guðjónsson



Samgönguráðuneytið
Rúnar Guðjónsson
Hafnarhúsið við Tryggvagötu
150 Reykjavík


Reykjavík 16. febrúar 2004
2004020023/40.2.1
HrH/SH
09.02.2004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð jarðganga undir Vaðlaheiði.

Alþingi samþykkti gildandi jarðgangaáætlun vorið 2000. Þar var ákveðið hvaða verkefni yrði ráðist í næstu árin og hvaða verkefni skyldi rannsaka til undirbúnings framkvæmda á síðari stigum. Jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar voru sett í forgang, og einnig skyldi hefja rannsóknir á jarðgangaleiðum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, milli Eskifjarðar og Norðfjarðar og milli Vopnafjarðar og Héraðs. Fjármagn til fyrstu tveggja verkefnanna er sett á fyrstu tvö tímabil samgönguáætlunar 2003-2010. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um tímasetningu eða forgagnsröðun annara verkefna en þessara tveggja, nema hvað ákveðið hefur verið að hefja framkvæmdir við tiltölulega stutt göng undir Almannaskarð.

Margar hugmyndir og tillögur hafa komið fram um önnur jarðgöng en þau sem nefnd eru hér að framan víðs vegar á landinu. Þessar tillögur verða væntanlega meðal þess sem tekið verður fyrir við endurskoðun á jarðgangaáætlun, sem nú er hluti af samgönguáætlun 2003-2014. Samgönguáætlun skal endurskoða á fjögurra ára fresti, og þar eð næsta áætlun á að taka gildi í ársbyrjun 2007 má reikna með að endurskoðun hennar standi yfir á árinu 2006. Vegagerðin telur eðlilegt að jarðgöng undir Vaðlaheiði verði eitt af þeim verkefnum sem þá verða tekin til skoðunar.

Virðingarfyllt,


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.

Samrit: Samgönguráðuneytið.

Samgönguáætlun 2003-2010